

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. marz 2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Matvælastofnun, 331. mál

Hinn 12. marz síðastliðinn óskaði atvinnuveganefnd Alþingis eftir umsögn Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um Matvælastofnun, á þingskjali 442.

FA skilaði atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu [athugasemdum við drög að frumvarpinu 25. ágúst 2017](#) og eru nokkur meginatriði þeirra athugasemda rakin í greinargerð frumvarpsins, svo og viðbrögð ráðuneytisins við þessum athugasemdum. FA telur jákvætt að athugasemdum hagsmunaaðila og viðbrögðum við þeim sé þannig haldið til haga.


Félag atvinnurekenda telur jákvætt að gripið sé til úrbóta í framhaldi af skýrslu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um Matvælastofnun. Þannig fagnar félagið áformum um bættu upplýsingamiðlun og samráð við hagsmunaaðila skv. 4. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins kemur m.a. fram að faggiltum aðilum sé óheimilt að innheimta gjald án fullnægjandi lagaheimildar. FA hafði lagt til að einnig kæmi skýrt fram í ákvæðinu hvaða reglur skuli gilda um þessi gjöld þegar og ef faggiltum aðila er veitt heimild til gjaldtöku. Í þessu samhengi væri nægjanlegt að áréttu að um gjaldtöku slíkra aðila færi eftir þeim skráðu og óskráðu reglum sem gilda almennt um gjaldtöku opinbera aðila, þ.e. reglum um þjónustugjöld. Viðbrögð ráðuneytisins eru þau að áréttu þetta í greinargerð frumvarpsins og telur FA það fullnægjandi.

Þess er ekki getið í yfirferð ráðuneytisins um athugasemdir FA við drög að frumvarpinu og tengt frumvarp um breytingar á lögum um matvæli og lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr að félagið taldi nauðsynlegt að hnykkja á því í lagatextanum að ekki þurfi atbeina dýralækna hjá Matvælastofnun til að aðgæta hvort vottorð frá kollegum þeirra í öðrum EES-ríkjum fylgi innfluttri matvöru. Í verkfalli dýralækna árið 2015 neitaði Matvælastofnun að hleypa matvörum frá EES-ríkjum inn í landið, sem olli innflytjendum milljónatjóni. FA hefur verið í samskiptum við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið vegna málsins, sem tekið hefur undir það með félaginu að Matvælastofnun hafi þarna farið á svig við lög. Ráðuneytið segist hafa gripið til aðgerða til að fyrirbyggja að slíkt endurtaki sig og verður FA að treysta því að þær aðgerðir séu fullnægjandi, þannig að ekki reynist nauðsynlegt að breyta lögum.

Félag atvinnurekenda áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum og ábendingum varðandi frumvarpið á síðari stigum. Þá er félagið reiðubúið að funda með þingnefndinni um þessi mál.

Viðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA